

## 2. gr.

19

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna fellur niður.

13. apríl

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1955.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

20

16. apríl

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1955.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

21

27. apríl

um lækningaferðir.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Það er hlutverk laga þessara að auðvelda fólki í byggðum, sem langt eiga að sækja til augnlæknis, háls-, nef- og eyrnalæknis og tannlæknis, að ná til þessara sérfræðinga og njóta þjónustu þeirra.